

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS**frá 19. október 1998**

um breytingu á ákvörðun 95/408/EB um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá

(98/603/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

Með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðlögunartímabilinu sem hófst með ákvörðun 95/408/EB lýkur 31. desember 1998. Af stjórnsýsluástæðum hefur gerð skráa um starfsstöðvar í þriðju löndum, sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum er heimilaður frá í samræmi við tilskipanir um heilbrigðisreglur um þessar afurðir, verið frestað.

Til að koma í veg fyrir röskun hefðbundinna viðskiptamynstra ber að framlengja það aðlögunartímabil þegar heimilt er að nota einfaldaða kerfið fyrir starfsstöðvar í þriðju löndum sem flytja út tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir eða lifandi samlokur (tvískelja lindýr).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 1998“ í 9. gr. ákvörðunar 95/408/EB kemur „31. desember 2000“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 19. október 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 243, 11. 10. 1995, bls. 17. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 97/34/EB (Stjtið. EB L 13, 16. 1. 1997, bls. 33).

⁽²⁾ Stjtið. EB C 215, 10. 7. 1998, bls. 20.